

hefir þó eigi verið stefnt fyrir yfirdóminn við áfrýjun dómsins, heldur að eins »fyrir hans hönd« manni þeim, núverandi settum sýslumanni Guðmundi Eggerz, er flutti málið fyrir hann sem umboðsmaður hans fyrir bæjarþingsréttinum, en það sést hvorki af málinu, að dr. Valtýr Guðmundsson hafi fallið frá stefnu í því til yfirdómsins, né að hann hafi gefið nefndum umboðsmanni sínum fyrir bæjarþingsrétti heimild til að taka á móti stefnu í málinu þangað fyrir sína hönd.

Með því að dómhafinn í málinu þannig eigi sést hafa fengið lögskipaðan fyrirvara um áfrýjun þessa, enda hefir eigi mætt sjálfur eða látið mæta af sinni hálfu fyrir yfirdóminum, verður ex officio samkvæmt N. L. 1—4—1 að vísa máli þessu frá yfirdóminum.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum.

Mánudaginn hinn 11. marzmanaðar.

Nr. 3/1907:

Réttvísinn  
gegn

Jónu Ágústínu Jónsdóttur.

D ó m u r:

Með dómi aukaréttar Barðastrandarsýslu gengnum 6. nóv. f. á., var hin ákærða, ógiftur kvenmaður, dæmd

fyrir að hafa deytt barn sitt nýfætt, samkvæmt 193. gr. 2. lið hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869 til að sæta 7 ára typtunarhúsvinnu og til að greiða allan af varðhaldi sínu og málinu löglega leiðandi kostnað.

Þessum dómi hefir eftir beiðni ákærðu verið áfryjað til landsyfirréttarins.

Það er sannað í málinu, með eigin játningu hinnar ákærðu Jónu Ágústínu Jónsdóttur, að hún seint í nóvbr. 1905 varð barnshafandi af völdum kvongaðs manns, Bjarna Ásgeirssonar, sem þá var bóndi í Hokinsdal, og átti ákærða þar heima. Hún leyndi því, að hún væri með barni og ásetti sér, þegar hún varð þess vör, að fæða á laun og koma barninu undan, hvort sem það fæddist lifandi eða dautt. Kringum miðjan ágústmán. 1906, er hún var í vinnu á Bildudal, varð hún veik einn morgun og fór þá heim til sín á 8. tímanum og ól barn nokkru síðar; fann hún að barnið var lifandi; settist hún þá upp í rúminu, þannig að barnið varð undir henni, og sat svo uppi unz það hætti að hreifa sig eða var dautt; að því búnu vafði hún líkið í dulu og lét það í skot hjá rúminu; seinni part sama dags tók hún líkið, fór með það út fyrir verzlunarstaðinn og fleygði því í sjóinn, og fanst það seinna í fjörunni rekið af sjó og mjög skaddað ofan á læri. Líkskoðun framför af hlutaðeigandi lækni, og var álit hans, að barnið hefði verið fætt lifandi og að það hefði verið að minsta kosti 9 mánaða.

Samkvæmt framansögðu er það sannað, að ákærða ól barnið lifandi og deyddi það rétt eftir fæðinguna, og að hún hafi, þegar er hún varð þess vísari, að hún var með barni, ásetti sér að deyða barnið, ef það fæddist lifandi.

Ákærða hefir fengið mjög gott orð. Þess er getið í prófunum, að hún sé þunglynd, en engin sönnun né heldur líkur eru til þess, að hún sé eða hafi verið geðveik, og hlutaðeigandi lækni, sem hefir skoðað hana, hefir lýst því yfir, að hún sé ekki neitt biluð á geðs-munum.

Glæpur ákærðu, sem komin er yfir lögaldur sakamanna og ekki hefir áður sætt ákæru eða hegningu fyrir neitt lagabrot, á undir 193. gr. 2. másl. alm. hegningarl., og virðist hegning sú, sem hún hefir til unnið, hæfilega ákveðin 4 ára betrunarhúsvinna, og með því að yfirdómurinn felst á málskostnaðarákvæði héraðsdómsins, ber að staðfesta dóm þenna með nefndri breytingu á hegningunni.

Ákærðu ber að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og sókn og vörn í því fyrir yfirdómi lögmat.

#### Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað, þó þannig, að hegning hinnar ákærðu Jónu Ágústínu Jónsdóttur sé 4 ára betrunarhúsvinna. Svo greiði hún allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, yfirréttarmálaflutningsmannanna Eggerts

Claessen og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 5/1907:

Réttvísín  
gegn  
Ólafi Sigurðssyni.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Reykjavíkur kaupstaðar, gengnum 15. desember f. á., var hinn ákærði Ólafur Sigurðsson dæmdur fyrir þjófnað framinn í 4. sinn og fyrir gripdeild til að sæta betrunarhúsvinnu í 1 ár og til að greiða allan af málinu leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun til hins skipaða talsmanns hans, cand. juris Einars M. Jónassonar, 8 kr.

Þessum dómi hefir að beiðni ákærða og af hálfu hins opinbera verið áfrýjað til landsyfírréttarins.

Með játningu ákærða, Ólafs lausamanns Sigurðssonar í Hólakotí hér í bænum, svo og öðrum skýrslum, sem fengnar eru í málinu, er það löglega sannað, að hann í októbermán. síðastl. tók ófrjálsri hendi nokkra blauta saltfiska af fiski, sem lagður hafði verið upp úr skipum á steinpallinn norðanvert við bryggjuhús H. P. Duus verzlunar. Næturvörðurinn sá til ferða ákærða um nóttina; en ekki sá hann hann taka fiskinn. Ákærði segir fiskana hafa verið 6—7 og hafi þeir verið heldur smáir; ákærði fór með fiskinn heim til sín og var hans